

# HÖRGÁRSVEIT

## Reglur um meðferð umsóknar um leikskólavist

1. Umsókn frá foreldri/forráðamanni barns með lögheimili í Hörgársveit um leikskóladvöl á Álfasteini skal sett fram á þar til gerðu eyðublaði. Leikskólastjóri tekur við umsóknunum og afgreiðir þær.
2. Í umsókninni skulu koma fram eftirfarandi atriði:
  - Nafn barns
  - Kennitala barns
  - Lögheimili barns
  - Sími á heimili barns
  - Netfang á heimili barns
  - Nafn foreldri/forráðamanns
  - Kennitala foreldris/forráðamanns
  - Farsímanúmer foreldri/forráðamanns
  - Vinnustaður foreldris/forráðamanns
  - Vinnutími foreldris/forráðamanns
  - Hjúskaparstaða forráðamanns
  - Æskilegur dvalartími barns í leikskóla
  - Æskilegur upphafsdagur leikskóladvalar
3. Liggi ofangreindar upplýsingar fyrir, barnið er a.m.k. 12 mánaða og dvalarrými er til staðar skal veita barni leikskólavist án tafar.
4. Séu skilyrði skv. 3. töluliðar fullnægt að öðru leyti en því að barn er ekki orðið 12 mánaða, skal veita því leikskólavist strax og óskað er eftir, eftir að barnið hefur náð 12 mánaða aldri.
5. Séu skilyrði skv. 3. töluliðar fullnægt að öðru leyti en því að dvalarrými er ekki til staðar, skal veita barni leikskólavist strax og óskað er eftir þegar dvalarrými er til staðar, eftir að það hefur náð 12 mánaða aldri.
6. Ef 5. töluliðar á við um fleiri en eitt barn, skal röð barna sem fá leikskólavist fara eftir tímasetningu umsóknar um leikskólavistina. Þó skulu 4ra og 5 ára börn hafa forgang fram yfir yngri börn.
7. Strax og barn hefur fengið dvalarrými skal gerður samningur um leikskóladvölinu (dvalarsamningur) milli foreldra/forráðamanns annars vegar og leikskólans hins vegar. Í dvalarsamningi skal kveðið á um greiðslur, um daglegan dvalartíma og fjarvistir, um lokanir leikskólans, um breytingar á högum foreldra, um þagnarskyldu og trúnað og um breytingar á samningnum og uppsagnarfrest. Form dvalarsamnings skal staðfest af sveitarstjórn, skv. tillögu fræðslunefndar.
8. Afgreiðsla leikskólastjóra á umsókn skv. þessu reglum er stjórnsýsluákvörðun og getur foreldri óskað eftir endurupptöku ákvörðunarinnar eða kært hana til æðra stjórnvalds, sbr. 26. gr. erindisbréfs fyrir fræðslunefnd.
9. Skrifleg skýrsla um afgreiðslu umsókna um leikskólavist skal lögð fyrir fræðslunefnd eigi síðar en 30. september ár hvert fyrir næstliðið skólaár (þ.e. umsóknir sem borist höfðu frá 1. ágúst næstliðins árs til 31. júlí á líðandi ári).
10. Reglur þessar eru settar af sveitarstjórn Hörgársveitar 21. september 2011, sbr. tillögu fræðslunefndar 7. september 2011, skv. 24. gr. erindisbréfs fyrir fræðslunefnd og öðlast strax gildi.